

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Xorox 30 mg/g augnsmyrslí

Aciclovir

#### Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

#### Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

- 1 Upplýsingar um Xorox 30 mg/g augnsmyrslí og við hverju það er notað.
- 2 Áður en byrjað er að nota Xorox 30 mg/g augnsmyrslí.
- 3 Hvernig nota á Xorox 30 mg/g augnsmyrslí.
- 4 Hugsanlegar aukaverkanir
- 5 Hvernig geyma á Xorox 30 mg/g augnsmyrslí.
- 6 Pakkningar og aðrar upplýsingar.

### 1 Upplýsingar um Xorox 30 mg/g augnsmyrslí og við hverju það er notað.

Xorox augnsmyrslí inniheldur lyf sem kallast aciclovir og tilheyrir hópi lyfja sem kallast veiruhemjandi lyf.

Það er notað til að meðhöndla augnsýkingar af völdum herpes simplex veirunnar. Það verkar með því að drepa eða stöðva vöxt vírusa framan á auganu (í hornhimnu).

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

### 2 Áður en byrjað er að nota Xorox 30 mg/g augnsmyrslí

#### Ekki má nota Xorox augnsmyrslí

- Ef um er að ræða ofnæmi fyrir acicloviri, valacicloviri eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

#### Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Xorox augnsmyrslí er notað.

- Xorox augnsmyrslí má eingöngu nota í auga
- Þú getur upplifað vægan sviða og brennandi tilfinningu strax eftir notkun.
- Ef þú finnur fyrir skyndilegum ofnæmisviðbrögðum, eins og skyndilegum bólgum undir húð á svæðum eins og andliti, hálsi, handleggjum og fótleggjum (ofnæmisbjúgur) o.s.frv., hafðu strax samband við lækni.
- Ef þú finnur fyrir ofnæmisviðbrögðum eins og kláða í augnloki, þrota eða roða í auga, hættu þá meðferð með Xorox 30 mg/g augnsmyrslí og ráðfærðu þig við lækni.
- Hafðu strax samband við lækninn til ráðgjafar ef einhver einkenni verða alvarleg eða endurtekin.

Ekki nota augnlinsur meðan á meðferð með Xorox 30 mg/g augnsmyrslí stendur.

#### Börn og unglíngar

Sama og hjá fullorðnum.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Xorox 30 mg/g augnsmyrslis**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Engar markverðar milliverkanir hafa komið fram hingað til þegar smyrslíð er borið staðbundið í auga.

Engar upplýsingar liggja hins vegar fyrir um notkun Xorox augnsmyrslis samtímis augnlyfjum sem innihalda barkstera. Læknirinn mun ákveða hvort þetta eigi við um þig.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Xorox augnsmyrslis má nota á meðgöngu og við brjóstgjöf þar sem ekki er búist við neinum aukaverkunum á meðgöngu fyrir fóstrið eða nýfætt barn þegar lyfið er notað í ráðlögðum skömmtum.

### **Akstur og notkun véla**

Vegna eiginleika lyfsins getur það valdið tímabundinni sjónskerðingu. Því skal gæta sérstakrar varúðar við akstur, þegar unnið er án öryggisbúnaðar og við notkun véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **3 Hvernig nota á Xorox 30 mg/g augnsmyrslis**

### *Notkunarleiðbeiningar*

Til notkunar í auga.

Notaðu lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Nema læknir hafi sagt til um annað er ráðlagður skammtur:

Setjið 1 cm af smyrslis undir neðra augnlökið 5 sinnum á dag (á 4 klst. fresti). Lagt er til að það sé gert klukkan **7:00, 11:00, 15:00, 19:00 og 23:00**.

Togið neðra augnlökið niður og setjið smyrslíð inn í tárasekkinn. Lokið augunum og hreyfið augað í hringi til að augnsmyrslíð dreifist betur.

Mikilvægt er að nota Xorox 30 mg/g augnsmyrslis með reglulegu millibili yfir daginn, á 4 klukkustunda fresti, til að tryggja góðan árangur meðferðarinnar. Eftir að bólga í hornhimnu hefur lagast, skal samt halda meðferð áfram í a.m.k. 3 daga.

### **Notkun hjá börnum og unglingum**

Sama og hjá fullorðnum.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

### **Ef gleymist að nota Xorox 30 mg/g augnsmyrslis**

Ef þú gleymir að nota Xorox, skaltu nota það um leið og þú manst eftir því. Hins vegar, ef það er skammur tími fram að næstu notkun, skal sleppa notkuninni sem gleymdist. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

## **Ef hætt er að nota Xorox 30 mg/g augnsmyrslis**

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

### **4 Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Strax eftir notkun augnsmyrslisins getur orðið vart við tímabundinn, vægan sviða eða brunatilfinningu. Ef þú finnur fyrir bólgu í andliti, ofnæmisbjúg o.s.frv. skal hætta notkun Xorox og leita strax læknis.

**Ofnæmisviðbrögð** koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum))

Ef þú færð ofnæmisviðbrögð eða bráð ofnæmisviðbrögð skaltu hætta að nota Xorox og leita strax læknis.

Einkenni geta falið í sér:

- útbrot, kláði eða ofsakláði í húðinni
- bólga í andliti, á vörum, tungu eða öðrum hlutum líkamans
- mæði, öngljóð eða öndunarerfiðleikar
- óútskýrður hiti (hár hiti) og tilfinning um yfirlið, sérstaklega þegar staðið er upp.

Aðrar aukaverkanir eru:

*Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):*

Sviði eða erting, ljósfælni/ljósnæmi eða tilfinning um aðskotahlut í auganu (yfirborðssár á hornhimnu) Venjulega hefur ekki þurft að hætta meðferðinni og sárin gróa fljótt.

*Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)*

Skammvinnur vægur sviði eða brunatilfinning sem kemur fram strax eftir notkun Bólgin og tárivot augu (tárubólga)

*Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum):*

Bólgin, rauð augnlok með ertingu og kláða (hvarmabólga).

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint: til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

### **5 Hvernig geyma á Xorox 30 mg/g augnsmyrslis**

Geymið við lægri hita en 25°C.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki nota lengur en 4 vikur frá fyrstu opnun.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar.**

### **Xorox 30 mg/g augnsmyrslis inniheldur**

- Virka innihaldsefnið er aciclovir. 1 g af smyrslis inniheldur 30 mg af acicloviri.
- Önnur innihaldsefni eru hvítt mjúkt paraffín.

### **Lýsing á útliti Xorox 30 mg/g augnsmyrslis og pakkningastærðir**

Hver askja inniheldur áltúpu með pólýetýlenhettu og stút. Hver túpa inniheldur 4,5 g af augnsmyrslis sem er hvítt til gráhvítt að lit.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

AGEPHA Pharma s.r.o

Diaľničná cesta 5

Senec

903 01

Slóvakía

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2024.**